



Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlfsstöðum

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlfsstöðum eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlfsstöðum, drög



ERINDISBRÉF

Starfshópur um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlsstöðum

Ábyrgðaraðili: Borgarstjóri

Inngangur:

Í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 24. nóvember 2023 og samþykkt borgarráðs 30. nóvember 2023 hefur verið ákveðið að stofna starfshóp um framtíðarsýn varðandi notkun Korpúlsstaða og nágrennis og hugsanlega Listamiðstöð á Korpúlsstöðum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að móta tillögur að framtíðar nýtingu gamla mjólkurbúsins á Korpúlsstöðum sem hugsanlegrar Listamiðstöðvar og móta tillögur um framtíðaraðstöðu Golfklúbbs Reykjavíkur á svæðinu í tengslum við rekstur golfvallar á jörð Korpúlsstaða.

Verkefni:

Megin verkefni hópsins er að greina þá starfsemi sem fyrir er á Korpúlsstöðu, meta þarfir þeirra sem þar eru með starfsemi og móta tillögur ásamt kostnaðargreiningu sem hægt er að nýta til að taka ákvörðun um framtíðar nýtingu gamla mjólkurbúsins og hugsanlega aðra framtíðar uppbyggingu á svæðinu. Stefnt skal að því að allur rekstur verði því sem næst sjálfbær og bent á tekjumöguleika til að standa undir framkvæmdum og fjárfestingu eftir því sem unnt er.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Eiríkur Björn Björgvinsson, menningar- og íþróttasvið, formaður
Óli Jón Hertervig, eignaskrifstofu
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, menningar- og íþróttasviði

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Inga María Leifsdóttir, menningar- og íþróttasvið

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu í samstarfi við Bandalag íslenskra listamanna, Samtök íslenskra myndlistarmanna, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Golfklúbb Reykjavíkur og Íbúasamtök Grafarvogs, sem síðan verði lögð til grundvallar í því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavíkurborg

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn starfi reglubundið og skili tillögum ekki síðar en 1. maí 2024

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

DRÖG